

## Erindisbréf

### Starfshópur um endurskoðun upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar, málsnr. 1609090

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi 8.09.2016 eftirfarandi: *Bæjarráð samþykkir að vinna við endurskoðun upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar fari af stað. Stefnan verði mótuð með þátttöku fulltrúa allra stjórnmalaflokka sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn og stefnt verði að því að þeirri vinnu verði lokið með afgreiðslu bæjarstjórnar á nýrri upplýsingastefnu fyrir lok október 2016. Erindisbréf starfshóps um upplýsingastefnu verði lagt fram á næsta fundi bæjarráðs.*

#### Hlutverk:

Upplýsingastefna Hafnarfjarðarbæjar var fyrst samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 24. október 2000 og öðlaðist gildi 1. janúar 2001. Endurskoðuð og samþykkt 18. maí 2004. Stefnan skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti og var endurskoðuð stefna samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2.júní 2009. Hlutverk starfshópsins er að endurskoða upplýsingastefnuna.

#### Skipan starfshópsins:

Hópurinn skipa fjórir fulltrúar. Bæjarráð skipar hópinn og ákveður hver er formaður hans. Hópurinn skipa eftirtaldir fulltrúar:

- Einar Birkir Einarsson, formaður
- Kristín Thoroddsem
- Margrét Gauja Magnúsdóttir
- Sverrir Garðarsson

#### Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af bæjarráði og skal hann skila tillögum til bæjarráðs fyrir lok nóvember 2016. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar, að hámarki 7 sinnum. Með starfshópnum starfar samskiptastjóri og aðrir þeir starfsmenn bæjarfélagins sem stafshópurinn kallar til. Hópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Hann skal halda fundargerðir. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 20. september 2016